

Stjórnarfundur milli UMFÍ, UMSE, UFA haldinn á Búgarði föstudaginn 17. September 2010 kl: 14:44

Mættir frá UMFÍ: Helga, formaður UMFÍ og Björn, gjaldkeri UMFÍ

Mættir frá UMSE: Kristín, varaformaður, Kristlaug María, ritari, Sigurður Bjarni, varamaður, Óskar Þór, formaður, Þorgerður, varamaður, Jóhanna, meðstjórnandi

Mættir frá UFA: Puríður, formaður

Tildrög fundarins er að stjórn UMFÍ ákvað að hitta allar stjórnir aðildarféлага UMFÍ fyrir sambandsráðsfundinn sem haldinn verður í október nk.

UMFÍ ætlar að halda áfram með námskeiðin sem að haldin hafa verið, undanfarin ár hafa þau verið í samstarfi við kvenfélög landsins og Bændasamtök Íslands, nú í ár verður nýbreytni því að UMFÍ ætlar að standa ein undir þessum námskeiðum.

Nýtt námskeið í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Kompás að nafni.

„Verndum þau“ námskeið, farið er yfir félagslega þáttinn, kynferðislegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi. Kennst hvernig á að bregðast við ef að upp kemst um ofbeldi gegn börnum.

Forvarnastarfið „Flott án fíknar“ sem unnið hefur verið í grunnskólum mun breyta slagorði sínu yfir í „Vertu flott fyrirmynd“ og á að fara meira inn í framhaldsskóla, rannsóknir hafa sýnt að áfengisneysla unglunga hefst með miklum þunga á fyrsta ári í framhaldsskóla.

Breyting í starfsmanna haldi UMFÍ, hafa verið 3 landsfulltrúar hjá UMFÍ, einn fulltrúi fór á annan starfsvettvang og stjórn UMFÍ ákvað að ráða ekki í þá stöðu, heldur að skipta starfinu sem að hefur verið á þessum fulltrúa yfir á landsfulltrúana 2 sem að eftir standa.

Helga hvetur til að skoða hvort að grundvöllur sé til að setja á fót nefndir til að vera „beinn“ tengiliður við UMFÍ, getur bætt starf félagsins til muna. Þá þarf stjórnin ekki að sitja undir öllum verkefnum sem að koma á borð stjórnar.

-B

Þó svo að fækkun sé á mannskap hjá UMFÍ að þá er ekki verið að skerða þjónustu UMFÍ.

-H

Evrópa ungarfólksins, verkefni fyrir Menntamálaráðuneytið og Evrópusambandið. Fimm málaflokkar sem að tengjast ungu fólki milli 16 og 25 ára.

Samskiptaverefni á milli landa og innan lands, ungmennafélögin eru ekki dugleg að sækja í þetta verkefni.

-Þ

Spurði hvort að „Verndum þau“ sé í samstarfi við átakið „blátt áfram“. UMFÍ er með þetta verkefni sér. Fólki innan UMFÍ sér um fræðslu og heldur utan um þetta.

-H

Sambandsráðsfundurinn á Egilsstöðum. Er ætlað formönnum, en ef að þeir komast ekki að senda staðgengla. Þeir sem að mæta eru fulltrúar fyrir sitt samband. Gert er ráð fyrir að þeir sem eru í forsvari fyrir félögin kynni sér námskeiðið sem að er haldið á föstudeginum til að geta kynnt fyrir sitt fólk hvernig verkefnið gengur fyrir sig þegar að komið er heim í hérað.

-

Þarf að gera átak í því að reyna að stöðva neyslu áfengis í framhaldsskólum og eins með notkun munntóbaks á meðal ungs fólks.

Það þarf að passa sig á því hverjir séu valdir sem fyrirmyndir, eins og t.d. Eiður Smári, fótboltamaður, hann er talin vera fyrirmynd en það hefur samt sést til hans vera að nota munntóbak, áfengi.

-

Heildarvelta UMFÍ er rétt um 370 milljónir með öllu.

Regluleg starfsemi UMFÍ er að skila 13 milj. Í tekju afgang.

Tap um 37. Milljónir.

Sett var inn á reikning hjá VPS þegar að Fells múli var seldur 75 milljónir og 50 þúsund á reikning og skrifað undir samning um að ekkert megi hreyfa nema með skriflegu leyfi frá stjórn UMFÍ. Ekki var farið eftir þessum samningi og var hluti af peningnum settur í verðbréf sem að síðan tapaðist þegar að hrunið varð haustið 2008. Settur var lögfræðingur í málið til að fá réttar stöðu UMFÍ en ljóst er að það hlýst tap af þessu en farið verður eins langt með þetta og hægt verður.

Þetta hefur samt engin áhrif á veltu félagsins.

Félagið skilaði 13 milljónum í aðalsjóð eftir árið.

Þuríður sagði frá því að styrktaraðilar hafi nánast snúið við bakið við UFA eftir að Landsmótið var vegna þess hve mikill gróði varð af landsmótinu, viðkvæðið var hversu mikill peningur kom í kassann og hann ætti að duga eitthvað áfram.

Óskar sagði að mistök hefðu verið gerð með því að fara ekki til þeirra fyrirtækja sem að styrktu landsmótið og segja þeim frá gróðanum sem að hlaust og eins með það að þegar að fyrirtækin fóru að draga styrkina til baka að hafa ekki farið með þetta í blöðin og segja frá því.

UMFÍ eru að fara af stað með eldir ungmennafélagsmenn, reyna að virkja aldraða.

Það getur skipt gríðarlega miklu máli að hafa mann í starfi hjá ungmennafélögunum til dæmis eins og framkvæmdarstjóra, þá er stjórnin ekki að hafa áhyggjur með það að það þurfi að gera þetta og gera hitt, það er þá einhver til staðar sem að er á launum við þetta.

Stjórn UMFÍ hefur áhuga á að vera með námskeið næsta vor þar sem að farið er í gegnum praktíska sem að verða að vera á hreinu hvernig eigi að halda aðalfundi og þing, Helga hefur oft setið þing þar sem ekki er farið rétt að verki. Þá væri hægt að fara yfir eins og alla þá sjóði sem hægt væri að sækja styrk úr.

Fundi slitið klukkan 15:52

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari